RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ingibjörg Elín Halldórsdóttir
Kt. 2609805729
Dags. 8.10.2026 17:48:23
Ástæða: Undirritun

Rauði krossinn

Reykjavík, 8. október 2026

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016

(tímabundin vernd vegna fjöldaflótta o.fl.) (endurflutt á 158. löggjafarþingi)

Rauði krossinn á Íslandi þakkar aftur tækifæri til umsagnar á ofangreindu frumvarpi, örlítið breyttu. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (*UNHCR*). Félagið hefur jafnframt mikla reynslu af sálfélagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingar (*e. inclusion*). Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum

Um frumvarpið

1. Hér er til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um útlendinga nr. 80/2016 og varðar annars vegar 44. grein laganna um sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta og hins vegar breytingu á 9. grein er varðar flóttamannanefnd.

Athugasemdir varðandi 1. gr. frumvarpsins

2. Rauði krossinn gerir ekki athugasemd við breytingu á 9. grein laganna að flóttamannanefnd verði færð yfir á forræði dómsmálaráðuneytis. Félagið vonast þvert á móti til að með tilfærslunni færist aftur líf í móttöku flóttafólks í boði stjórnvalda (s.k. kvótaflóttafólks, e. *resettlement*). Það er afar brýnt að Ísland taki þátt í að bjóða einhverju af því flóttafólki sem er í hvað mestri neyð örugga leið í skjól og vinni þar með líkt þenkjandi ríkjum að því að draga úr hvata þess að fólk leggi af stað upp á eigin spýtur í leit að öryggi, eftir leiðum sem oft á tíðum eru lífshættulegar. Um leið væri Ísland að axla sameiginlega ábyrgð ríkja, þó ekki væri nema lítið brot, varðandi vanda þess flóttafólks sem hvað verst stendur. Flóttamannastofnun SÞ hefur einmitt nýlega biðlað til ríkja[1] um að taka þátt í því

[1] Global Appeal 2026 | UNHCR

lífsbjargandi verkefni að ríkin sjálf bjóði í auknum mæli viðkvæmustu hópum flóttafólks alþjóðlega vernd að fyrra bragði, þ.e. kvótahópum.

Athugasemdir varðandi 2. gr. frumvarpsins

3. Úkraínufólk sem hingað er komið hefur leitast við að verða hluti af samfélaginu á meðan það dvelur hér og er eðlilega með margvíslegar skuldbindingar og áætlanir um nánustu framtíð sína og barna sinna. Með stuttum framlengingum á tímabundinni vernd undanfarin ár, oft með skömmum fyrirvara, hefur fólki annars vegar reynst erfitt að skipuleggja líf sitt og barna sinna og hins vegar hefur það grafið undan viðleitni og áhuga á inngildingu. Þetta heyrum við frá skjólstæðingum félagsins í félagslegri virkni og íslenskuþjálfun. Óskandi er að stríðsátökum ljúki fyrr en síðar. Vonandi vilja sem flest snúa aftur heim en önnur hafa fest rætur, ekki síst börn sem hafa verið meirihluta lífs síns á Íslandi. Mikill fjöldi mun hafa dvalið hér á landi í sex ár þegar vernd á grundvelli 44. gr. lýkur.
4. Rauði krossinn á Íslandi vill ítreka fyrri umsögn sína[2] en í skýringum með endurfluttu frumvarpi segir um samráð að m.a. Alþýðusamband Íslands, Barnaheill og Rauði krossinn á Íslandi hafi gagnrýnt fyrirhugaðar breytingar á 44. gr. laganna því það raski réttmætum væntingum þeirra sem dvalið hafa hér á landi á grundvelli greinarinnar sem og fyrirsjáanleika og geti verið grundvöllur mismununar. Lítið sem ekkert er gert með ofangreindar athugasemdir í greinargerð með frumvarpinu sem lagt er fram aftur. Í samráðskafla segir að ekki sé talið að þessar athugasemdir gefi tilefni til breytinga á frumvarpinu þar sem einstaklingar geti sótt um dvalarleyfi á grundvelli almennra ákvæða laga um útlendinga, svo sem á grundvelli atvinnu eða tengsla við landið. Óvíst er hvernig þær umsóknir verða meðhöndlaðar.
5. Rauði krossinn vill einnig undirstrika fyrri athugasemdir um að þau sem veikast standa og hafa e.t.v. ekki tök á því að sækja atvinnu eða uppfylla skilyrði annarskonar dvalarleyfa geta fallið þarna á milli, en hafa þó verið hér í langan tíma. Þarna er því sanngirnis- og mannúðarsjónarmiðum ábótavant og ekki séð að slík mismunun sé réttlætanleg, skv. flóttamannasamningi SÞ frá 1951. Ennfremur er ekki fjallað um hvað yrði um það fólk sem ekki uppfyllir skilyrði fyrir ofangreind landvistarleyfi, en getur ekki snúið til baka vegna aðstæðna í heimalandinu, hafi þær ekki lagast þegar vernd á grundvelli 44. gr. lagnanna lýkur. Í minnisblaði dómsmálaráðuneytisins til allsherjar og menntamálanefndar um fyrri umsagnir[3] segir að þau sem höllum fæti standa og ekki geti sótt um ofangreind leyfi geti lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd, en einungis eftir að tímabundnu verndinni lýkur. Alls er óvíst hvernig tekið yrði á þeim umsóknum. Hætt er við að einmitt þeim sem verst standa og geta illa séð fyrir sér verði vísað til baka til stríðshrjáðrar Úkraínu, hvort sem átökin munu standa ennþá eða að landið verði í erfiðum og

[2] https://www.althingi.is/altext/erindi/157/157-2742.pdf
[3] https://www.althingi.is/altext/erindi/157/157-2913.pdf

fjárfrekum uppbyggingarfasa. Þá má velta fyrir sér hvort sú aðstoð sem Ísland vill veita stjórnvöldum þar sé sú sem upphaflega var fyrirséð.

6. Einnig er fyrirséð að þúsundir umsókna um dvalarleyfi á nýjum forsendum sem þarfnist efnislegrar meðferðar muni berast Útlendingstofnun á skömmum tíma og rétt að hafa áhyggjur af getu stofnunarinnar til þess að sinna þeim málum. Ekki er vikið að því í greinargerð með nýju frumvarpi hvernig eigi að leysa það án þess að afgreiðsla mála dragist úr hömlu og hafi áhrif á alla umsækjendur.
7. Þá er rétt að taka fram að framkvæmd dvalarleyfa að lokinni tímabundinni vernd mun tæplega verða samræmd í Evrópu þrátt fyrir að stjórnvöld hér telji sig vera að laga sig að slíku. Stjórnvöld m.a. í Noregi, Hollandi, Eistlandi, Lettlandi og Póllandi virðast a.m.k. vera hver með sína útfærslu og sum þeirra að huga að einhvers konar brú frá tímabundinni vernd yfir í ótímabundna.

Rauði krossinn vill ítreka sjónarmið mannúðar, minna á flóttamannasamning SÞ frá 1951 og rétt allra til að sækja um vernd og ítrekar að fyrirsjáanleiki er flóttafólki afar mikilvægur. Rauði krossinn:

- endurtekur fyrri hvatningu til stjórnvalda um að flóttafólki er notið hefur tímabundinnar verndar verði heimilt að sækja um vernd á grundvelli 37. gr. laganna (grundvöllur alþjóðlegrar verndar), bæði að þeim tíma liðnum sem núgildandi tímabundið leyfi tekur til sem og á hvaða tímapunkti sem er eftir komuna hingað til lands, ef fólk kýs það fremur en sameiginlegu verndina.
- hvetur stjórnvöld til að hugleiða fjölbreyttar leiðir og tegundir dvalarleyfa til að tryggja að þau sem verst standa og uppfylla ekki skilyrði þeirra dvalarleyfa sem nú standa til boða njóti jafnræðis við annað flóttafólk.
- vísar til nýrrar umsagnar Flóttamannastofnunar SÞ um frumvarpið[4] og tekur undir önnur mjög svo skýr tilmæli sem þar koma fram, enda ber stjórnvöldum skylda til samráðs við stofnunina hvað varðartúlkun á flóttamannasamningnum.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að hitta viðkomandi þingnefnd til frekari viðræðna um frumvarpið og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins.

Virðingarfyllst,

f. h. Rauða krossins á Íslandi,

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri

[4] https://www.althingi.is/altext/erindi/158/158-321.pdf